

126. löggjafarþing 2000–2001.  
Þskj. 725 — 454. mál.

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um sjóflutninga fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hversu mörg kaupskip annast þau 65% sjóflutninga fyrir Bandaríkjaher sem féllu í hlut Íslendinga eftir síðasta útboð? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?
2. Hversu mörg skip annast þau 35% sjóflutninganna sem féllu í hlut Bandaríkjamanna? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?
3. Fellur það fyrirtæki sem nú annast íslenska hluta sjóflutninganna fyrir Bandaríkjaher undir ákvæði l-liðar 1. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, þ.e. telst það til íslenskrar útgerðar?

Skriflegt svar óskast.